

Orkustofnun
Orkugarður
Grensásvegur 9
108 REYKJAVÍK
os@os.is

Garðabær, 4.1.2023
Málsnúmer: 202212-0010
SS/IAS

Efni: Umsögn um umsókn um rannsóknarleyfi á jarðhita á Gálmaströnd

Vísað er í tölvupóst frá Orkustofnun, dags. 6. desember 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands, um umsókn um rannsóknarleyfi á jarðhita á Gálmaströnd í Strandabyggð.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér meðfylgjandi gögn og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Leitað var að jarðhita á Gálmaströnd á árunum 2001-2005 og voru gögnin rýnd aftur á árunum 2015-2017. Vatn fannst ekki en hiti er til staðar. Nú á að reyna aftur að finna nýtanlegan jarðhita. Í fyrsta áfanga (vor 2023) á að dýpka holu GR-9, úr 400 m í 700 m. Hugsanlega þarf að byrja á að steypa í holuna svo hægt verði að komast í gegnum surtarbrandslag en þar var borun hætt á sínum tíma vegna hruns. Það fer svo eftir niðurstöðum úr þeirri borun hvort ný hola, GR-14, verði boruð austan eða vestan við holu GR-9 en reiknað er með að hún verði > 600 m djúp. Ef sú hola nær niður í vinnanlegt jarðhitakerfi verður hún nýtt sem vinnsluhola. Aðstæður eru sagðar þannig að ekki þarf að útbúa borplön svo rask verður tiltölulega lítið. Í öðrum áfanga er reiknað með að boraðar verði fleiri holur til þess að finna ytri mörk jarðhitasvæðisins.

Rannsóknarsvæðið er utan allra verndarsvæða en það er innan talningarsvæðis fyrir landsel en ekki eru merkt nein látur á ströndinni neðan við rannsóknarsvæðið.

Enginn jarðhiti er sjáanlegur á yfirborði. Ekki eru önnur jarðhitakerfi nálægt svo ekki er um það að ræða að nýting hafi áhrif á önnur jarðhitakerfi. Nokkrir berggangar sjást á yfirborði og er talið að jarðhitakerfið geti tengst einum þeirra, Tóttadrangi. Æskilegt er að ekki verði hróflað við þeim hluta hans sem sést á yfirborði. Surtarbrandslag kemur fram á 400 m dýpi en það er hvergi nærri yfirborði á rannsóknarsvæðinu.

Samkvæmt vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar er þarna stinnastaravist og smá blettir af starungsmýravist. Starungsmýravist hefur mjög hátt verndargildi og því er æskilegt að þeim svæðum verði hlíf eins og hægt er.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir.

Virðingarfyllst,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

